

Föstudaginn 8. maí 1925.

Nr. 11/1925.

Valdstjórnin (Guðm. Ólafsson)
gegn

Ólafi Friðrikssyni (L. Fjeldsted).

Ill meðferð á fuglum.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 28. jan. 1925: Kærður, Ólafur Friðriksson, greiði 50 kr. sekt í ríkissjóð og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað. Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það verður einnig að telja það brot gegn lögum nr. 34, 3. nóv. 1915, að kærði hefir veturinn yfir haldið hrafnana í svo þröngri netgirðingu, að þeim var varnað flugs og ekki sjeð þeim fyrir nægilegu skýli gegn vætu, vindi og kulda.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða lögreglurjettardóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að sektin ákveðst 100 kr.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi skal óraskað, þó svo, að sektin ákveðst 100 kr.

Kærði, Ólafur Friðriksson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti,

málaflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Lárusar Fjeldsted 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir kæru frá formanni Dýraverndunarfjelags Íslands, höfðað gegn Ólafi Friðrikssyni, bæjarfulltrúa, til heimilis í Austurstræti nr. 1 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 34 frá 3. nóvember 1915 um dýraverndun.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina og sannaðir eru með eigin játtöngu kærðs er kemur heim við það sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Síðastliðið haust náði kærður í nokkra hrafna, súlur og svartbaka, alla á fyrsta ári. Hrafnana og svartbakana setti hann í tvær netagirðingar á lóð einni við Tjarnargötu hér í bænum, en súlurnar, sem hann mun hafa náð í nokkra síðar, geymdi hann fyrst um sinn í portinu bak við húsið Austurstræti nr. 1, og flutti þær síðan í girðinguna til hrafnanna. Girðing sú, sem hrafnarnir og súlurnar eru geymdar í, er 4,1 m. á hvern kant og 1,25 m. á hæð, en girðingin, sem svartbakarnir eru geymdir í, er 4,70 m. á breidd, 5,70 m. á lengd og 1,50 m. á hæð. Í girðingunum báðum eru nokkrir kassar, sumir með vatni í, aðrir tómir, og eru þeir ætlaðir sem skýli fyrir fuglana í kulda og vondum vedrum.

Hrafnarnir, sem í girðinguna voru settir, voru upphaflega 9, af þeim hefir enginn drepist, en einn hefir verið sendur til útlanda og 4 hafa sloppið úr girðingunni. Svartbakarnir voru upphaflega 41, en af þeim hafa margir sloppið, einn þeirra fanst iuni hjá Tungu og drapst þar, en einn svartbakur hefir drepist í girðingunni. Súlurnar, sem settar voru í girðinguna, voru upphaflega 14, þar af hefir ein drepist í girðingunni (festist milli kassa), en önnur verið skotin af einhverjum, eftir því sem kærður hefir skýrt frá. Kærður hefir játað, að allmargt af súlunum hafi drepist meðan þær voru geymdar í portinu og telur það stafa af einhverri pest, sem í þeim hafi verið.

Um liðan fuglanna á þessum stað hefir verið leitað álits tveggja manna, þeirra náttúrufræðings Bjarna Sæmundssonar og dýralæknis Magnúsar Einarssonar, og fer álit þeirra að nokkru leyti í sömu átt.

Náttúrufræðingnum farast, í álitsbrjefi sínu, orð á þessa leið: „Hrafsonungarnir lita allvel út og eru fjörugir, svartbak-ungarnir virðast óeðlilega votir í rigningum og súlnar líka, og að öðru leyti lita þeir lakast út, enda eru þeir „ekta“ sjófuglar og minst þroskaðir og landvistin getur vart átt vel við þá yfirleitt Í votviðrum er æði óþrifalegt í kringum þá, en annars virðist eigandi reyna að hlúa að þeim eftir fögum. Að mínum dómi er staðurinn, sem að fuglum þessum er valinn, fyrir ýmissa hluta sakir óheppilegur og væri æskilegt að þeim væri fenginn annar hentugri, helst við sjó, þar sem að þeir hefðu sundpoll, svo rúmt um sig að þeir gætu flogið dálítið og svo skýli (þak), sem að þeir gætu verið undir í hrakviðrum.“

Um það hvort kærður hafi með fyrgreindri meðferð sinni á fuglunum brotið ákvæði dýraverndunarlaganna kveðst náttúrufræðingurinn ekki treysta sjer til að segja um, en telur dýraverndunarlögin aðallega taka til alidýra.

Í álitsbrjefi dýralæknisins segir meðal annars: „Að því er sjávarfuglana (svartbaka og súlur) snertir, hika jeg ekki við að telja meðferð bæjarfulltrúans á þeim illa og sektarverða, því þótt þeir kunni að fá nægilegt fóður, þá vantar þá öll tækifæri til að þjóna eðlishvöt sinni til nægilegrar hreyfingar (flugs) og sunds. Að visu munu þeir hafa fengið nægilegt vatn til drykkjar, og eitthvað af skornum skamti til að skvampa í meðan þýður hjeldust, en nú er því ekki lengur til að dreifa eftir að frostin komu; hreyfingarleysið veldur því að fuglar þessir þola ver kuldann, enda mun hver og einn á þeim sjá að þeim líður ekki vel.“

Hröfnunum telur dýralæknirinn að líði „eflaust ekki eins illa og hinum fuglunum“, sökum þess að þeir eru ekki sundfuglar. „Þó líður þeim sýnilega ekki vel hreyfingalitlum í kuldann.“

Rjetturinn er þeirrar skoðunar, að meðferð kærðs á súlunum og svartbökunum sje „ill meðferð“ og byggir þá skoðun sína á því áliti, sem fyrgreindir menn hafa látið í ljósi um að verustaðurinn, sem þeim er valinn þarna á lóðinni, sje þeim mjög óheppilegur, of þröngur, að fuglana vanti vatn til að baða sig í, og að skýlið sem þeir hafa í kössunum, sem eru í girðingunum, sje þeim í alla stadi ófullnægandi í votviðrum og kuldum; enn fremur á þeirri játningu kærðs, að allmargar af súlunum hafi drepist, sjerstaklega meðan þær voru í portinu, án þess að hann hafi gert fullnægjandi grein fyrir ástæðum þess. Rjetturinn er því þeirrar skoðunar að kærður hafi með greindu framferði sínu brot-

íð ákvæði 1. og 2. gr. laganna nr. 34 frá 3. nóvember 1915 um dýraverndun. Lögin bera það raunar með sjer, án þess að þau geti þess beint, að ákvæðum þeirra er aðallega ætlað að taka yfir illa meðferð á alidýrum; en lögunum getur þó ekki verið ætlað að taka aðeins til dýra af þeim tegundum sem höfð voru hjer á landi sem alidýr, er lögin tóku gildi, heldur og til dýra af öðrum tegundum, sem tekin eru og höfð í haldi sem alidýr meðan greind lög eru í gildi, því ekkert mælir með því, að löggjafinn hafi getað ætlast til að þau dýr frekar en hin væru utan við lög og rjett.

Refsing sú, sem kærður hefir til unnið samkvæmt 1. gr. dýraverndunarlaganna, þykir hæfilega ákveðin 50 kr. sekt í ríkissjóð. Svo greiði hann og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 11. maí 1925.

Nr. 14/1925.

Rjettvísín (Pjetur Magnússon)
gegn

Guðmundi Björnssyni (Jón Ásbjörnsson)
og Bjarna Finnbogasyni (L. Fjeldsted).

Brot gegn 253. gr. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 16. febr. 1925:
Ákærður Guðmundur Björnsson sæti 14 daga einföldu fangelsi.

Ákærður Bjarni Finnbogason sæti 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Svo greiði og ákærður Bjarni Finnbogason málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. juris. Magnúsar Magnússonar, 30 kr., en allan annan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði báðir ákærðir, annar fyrir báða og báðir fyrir annan.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Hjeraðsdómarinn hefir rjettilega heimfært brot ákærða Bjarna Finnbogasonar undir 253. gr. alm.